

# Sjúkra og slysatrygging

Skilmáli nr. S-2

Í skilmála þessum þýðir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

## 1. kafli. Slysatrygging

### 1. gr. Bótasvið

- 1.1. Félagið greiðir bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir, eins og kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, enda leiði það til:
- Dauða
  - Varanlegrar örorku
  - Tímabundins missis starfsorku
  - Tannbrots
- Bótþættir sem váttryggingin tekur til koma fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Tannbrot er eingöngu innifalið í váttryggingunni þegar örorkubætur eru tilgreindar sem bótþáttur.
- 1.2. Með orðinu "slys" er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur tjóni á líkama þess, sem váttryggður er, og gerist án vilja hans.
- 1.3. Dánarbætur greiðast því aðeins, að slysið sé bein og eina orsök að andláti váttryggða.
- 1.4. Bætur þessarar váttryggingar skerðast um 50% vegna dauða, varanlegrar örorku og tímabundins missis starfsorku, lendi váttryggður í slysi sem bótaskyld er úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis, eða lögboðinni slysatryggingu ökumanns og eiganda, samkvæmt gildandi umferðarlögum

### 2. gr. Bætur við tímabundinn missi starfsorku

- 2.1. Valdi slys váttryggðum tímabundnum missi starfsorku, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi.
- 2.2. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 2.3. Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna, sem fyrir liggja.

### 3. gr. Bætur vegna varanlegrar örorku

- 3.1. Valdi slys váttryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð, greiðast bætur á grundvelli váttryggingarfjárhæðar örorku á slysdegi sbr. 13. gr. 3. kafla.
- 3.2. Við ákvörðun örorku skal fylgja eftirfarandi reglum:

Þessi tafla skal höfð til hliðsjónar við örorkumat:

<b>SJÓN OG HEYRN</b>		<b>Stúfhögg á öðrum fótlim um fótlegg</b>	<b>35-45%</b>
Alger missir sjónar á báðum augum	100%	Staurhné á öðrum fótlim	25-50%
Alger missir sjónar á öðru auga, full sjón á hinu	20%	Staurökkli á öðrum fótlim	20-30%
Annað augað numið burt, full sjón á hinu	25%	Missir allra tóa á öðrum fæti	10%
Algert heyrnarleysi á öðru eyra	10%		
Algert heyrnarleysi á báðum eyrum	50%	<b>HANGLIMIR</b>	
<b>FÓTLIMIR</b>		Stúfhögg beggja handlima	100%
Stúfhögg á báðum fótlimum um lærleggi	100%	Stúfhögg um upphandlegg	65-70%
Annar fótlimur numinn burt í mjaðmarlið, hinn um hnélið	100%	Stúfhögg um framhandlegg	60-65%
Alger lömun á báðum fótlimum	100%	Stúfhögg um úlnið	60%
Stúfhögg á báðum fótlimum um hnélið	75%	Missir alls þumalfingurs	25%
Stúfhögg á öðrum fótlim um lærlegg	50-65%	Missir alls vísifingurs	12%
		Missir allrar löngutangar	10%
		Missir alls baugfingurs	5%
		Missir alls litlafingurs	7%

Ofangreind örorka á handlimum, er miðuð við betri handlim. Örorka vegna hliðstæðrar bæklunar á lakari handlim er allt að 10% minni. Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger, bætist örorka hlutfallslega. Ef útlimir eru algerlega ónothæfir, telst það missir þeirra. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal metið til varanlegrar örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

- 3.3. Slys, sem einungis valda lýti, eru ekki bótaskyld.
- 3.4. Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu.
- 3.5. Örorkustig getur aldrei orðið meiri en 100%.
- 3.6. Örorkan skal í fyrsta lagi metin einu ári eftir slysið, annars síðar, þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós.
- 3.7. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir, að ástand hins slasaða kunní að breytast,

skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg.

3.8 Ef líkur eru til, að ástand hins slasaða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við, án gildra ástæðna, að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

3.9 Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæð þá, sem í gildi er á slysdagi sbr. 13. gr. 3. kafla.

#### 4. gr. Dánarbætur

4.1. Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdagi, greiðist maka fjárhæð sú, sem tilgreind er í váttryggingarskírteininu og var í gildi á slysdagi, að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku, sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Sé maki ekki til staðar greiðast dánarbætur til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Ef dánarbætur eiga að greiðast öðrum þarf váttryggður að tilnefna hann sérstaklega með skriflegum hætti. Í slíkum tilfellum er rétt hafinn tiltekin á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4.2. Ef slasaði deyr af völdum slyssins þegar meira en ár er liðið frá slysdagi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati.

4.3. Dánarbætur vegna slyss greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr. Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufin til þess að leidd verði í ljós dánarorsök eða annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

#### 5. gr. Bætur vegna tannbrots

5.1. Váttryggingin greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum, sem brotna eða laskast við slys, þó ekki vinnuslys eða brot, sem ber að höndum, þegar váttryggður matast.

5.2. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af grunnváttryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu váttryggingarári við 7 1/2% af sömu fjárhæð.

5.3. Váttryggingin greiðir aðeins þau tanntjón sem ekki fást greidd af öðrum aðila, t.d. Tryggingastofnun ríkisins skv. lögum um almannatryggingar og reglugerðum um þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði við tannlækningar.

#### 6. gr. Váttryggingin bætir ekki:

6.1. slys, sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum;

6.2. slys er verða við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, fallhlífurstökki, froskköfun og teygjustökki;

6.3. slys, sem verða í hvers kyns flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætluar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda;

6.4. tjón sem stafa af brjóslokosi, þursabiti (lumago ischias), slitgigt eða hvers kyns öðrum gigtarsjúkdómum, jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök.

6.5. Sumar af áhættum þeim sem undanskildar eru samkvæmt þessari grein er þó unnt að innifela í váttryggingunni með áritun á váttryggingaskírteinið og greiðslu viðbótariðgjalds.

#### 7. gr. Meðorsakir

7.1. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir, hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð, eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi, sem váttryggingin nær til.

7.2. Váttryggingin bætir ekki slys, sem beint eða óbeint orsakast af blindu, mikilli nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfð, lömum, bæklun, geðveiki, flogaveiki, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun.

7.3. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi, að váttryggður missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi, sem ætla má, að hann hefði orðið fyrir, ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.

## 2. kafli. Sjúkratrygging

#### 1. gr. Bótasvið

1.1. Félagið greiðir bætur af völdum sjúkdóms er váttryggður fær og stafar ekki af slysi, eins og kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, enda leiði það til:

a) Varanlegrar örorku

b) Tímabundins missis starfsorku

Bótþættir sem váttryggingin tekur til koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

1.2. Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er fyrir hendi af völdum sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar.

1.3. Bætur fyrir tímabil þegar um einangrun í sóttkví er að ræða á heimili eða sjúkrahúsi að fyrimælum heilbrigðisyfirvalda, greiðast á sama hátt og við sjúkdóm.

#### 2. gr. Bætur við tímabundinn missi starfsorku

2.1. Valdi sjúkdómur váttryggðum tímabundnum missi starfsorku, er nemur 50% eða meira, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi við upphaf sjúkratímabils sbr. 13. gr. 3. kafla. Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2.2. Stafi starfsorkumissir váttryggðs að einhverju leyti af öðrum orsökum en sjúkdómi, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

2.3. Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

2.4. Bætur fyrir sama sjúkdóm eða sama sjúkdómstilfelli greiðast eigi lengur samanlagt en í það tímabil er kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Sama gildir um sjúkdóma, þar sem tengsl eru á milli, læknisfræðilega

séð. Þegar skemmra er á milli sjúkdómstílfella en sem nemur tímabili, er að lengd jafngildir því hámarki bótatímabils sem váttryggingarskírteinið ákveður, gildir sú regla, að sjúkratímabilin eru lögð saman, og bætur eru ekki greiddar lengur samanlagt en í þann árafjölda er kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Þegar nýtt sjúkratímabil hefst innan tólf mánaða frá því að sjúkratímabili lauk, stýttist biðtíminn um samanlagða lengd sjúkratímabila, sem voru lengri en 7 dagar og féllu í heild eða að hluta innan þessara tólf mánaða. Fyrir hið nýja sjúkratímabil gildir þó minnst 7 daga biðtími, sé ekki missir starfsorku augljóslega bein afleiðing af fyrri sjúkdómi.

2.5. Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.

### 3. gr. Bætur vegna varanlegrar örorku

3.1. Lægri varanleg örorka en 25% bætist ekki. Missir eða bækluð á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir sjúkdóm, gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar örorku. Missir eða bækluð á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal metið til varanlegrar örorku með hliðsjón af bækluðinni fyrir sjúkdóminn.

3.2. Sjúkdómar sem einungis valda lýti, eru ekki bótaskyldir.

3.3. Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu (læknisfræðileg örorka).

3.5. Örorkan skal í fyrsta lagi metin einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils og eigi síðar en þegar greiðslum dagpeninga lýkur, sbr. 2. gr. þessa kafla, með hliðsjón af ástandi hins sjúka þá.

3.6. Telji váttryggður eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað en þó ekki lengur en í þrjú ár frá upphafi síðasta sjúkratímabils. Þótt gera megi ráð fyrir, að ástand váttryggðs kunnir að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum frá upphafi síðasta sjúkratímabils. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg.

3.7. Ef líkur eru til, að ástand hins váttryggða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við, án gildra ástæðna, að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

3.8. Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina, sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins sbr. 13. gr. 3. kafla. Váttryggingarfjárhæð í upphafi hvers váttryggingatímabils kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki:

4.1. starfsorkumissi sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla. Í slíkum tilfellum er biðtími eigi skemmri en einn mánuður;

4.2. sjúkdóm sem fyrst hafði sýnt einkenni, áður en váttryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það;

4.3. sjúkdóm sem fyrst sýndi einkenni áður en váttryggingin tók gildi, nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn þegar váttryggingin tók gildi.

## 3. kafli. Almenn skilyrði

Þessi kafli gildir um alla hluta þessarar váttryggingar eftir því sem við á.

### 1. gr. Hver er váttryggður - Landfræðilegt gildissvið

1.1 Váttryggður er sá aðili sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

1.2 Váttryggingin gildir á Íslandi. Váttryggingin gildir annarsstaðar í heiminum í allt að sex mánuði frá brottfarardeggi frá Íslandi, nema um annað sé samið og slíkt áritað á skírteini.

### 2. gr. Upphaf og lok váttryggingarinnar

2.1. Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Sé iðgjald ógreitt 30 dögum eftir gjalddaga reiknast dráttarvextir á iðgjaldið. Að loknum þessum 30 daga fresti er félaginu heimilt að krefjast iðgjalds innan 14 daga og sé það ekki greitt innan þess frests fellur ábyrgð félagsins úr gildi og váttryggingin fellur niður

2.2 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé váttryggingunni ekki sagt upp skriflega af hálfu váttryggingartaka 30 dögum eftir að félagið sendi endurnýjunarkvittun. Váttryggingartaka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrir en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar.

2.3 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 76. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.

### 3. gr. Almennar undanþágur frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki:

3.1. slyss eða sjúkdóma sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði;

3.2. slyss eða sjúkdóma vegna ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun;

3.3. slyss eða sjúkdóma sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu eiturog eða nautnalyfja;

3.4. slyss eða sjúkdóma vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs;

3.5. slyss eða sjúkdóma af völdum hryðjuverka vegna hvers konar efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. sýkla og veira;

3.6. slyss eða sjúkdóma af skordýrabiti eða stungu;

- 3.7 slys eða sjúkdóma sem stafa beint eða óbeint af jarðskjálftum, eldgosum, flóðum, skriðum, snjóflóðum og öðrum náttúruhamförum.
- 3.8 tjón sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, borgarastríði eða óeirðum.
- 4. gr. Aldurstakmörk**
- 4.1 Vátryggingin gildir einungis í eitt ár frá fyrsta gjaldþingi eftir að vátryggður hefur náð 64 ára aldri nema öðruvísi sé um samið og tiltekið í vátryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun,
- 4.2. Börn yngri en 16 ára eru ekki vátryggð gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.
- 5. gr. Biðtími dagpeninga - upphæð dagpeninga**
- 5.1. Með biðtíma er átt við það slysa- eða sjúkratímabil sem samkvæmt vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða, áður en dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- 5.2. Regluleg dagpeningagreiðsla getur ekki verið hærri en 80% af heildarlaunum vátryggðs. Komi til tjóns getur félagið farið fram á að vátryggður framvísi launamiðum þriggja næstliðinna mánaða fyrir tjónsdag ellegar skattframtali.
- 6. gr. Breytingar á áhættu**
- Sé tiltekið á vátryggingarskírteini að vátryggður sinni tilteknu starfi og sá starfsvettvangur breytist ber vátryggingartaka/vátryggðum að tilkynna félaginu það án tafar. Við slíkar aðstæður er félaginu heimilt að hækka iðgjald frá þeim tíma er áhættubreytingin varð. Hafi félaginu ekki borist tilkynning skv. 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir áhættubreytinguna og leiði vanrækslan til þess verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega sbr. 88. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 7. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi vátryggðs**
- 7.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings vátryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.
- 7.2 Valdi vátryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 90. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og atvik að öðru leyti.
- 8. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka**
- 8.1 Við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings ber vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um vátryggingaráhættuna sem félagið óskar sbr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Sömuleiðis ber vátryggingartaka, og eftir atvikum vátryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 8.2 Skýri vátryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður sbr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8.3 Hafi félagið fengið frá vátryggingartaka rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna getur það sagt upp vátryggingunni með 14 daga fyrirvara. Hafi vátryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið slitið vátryggingunni án fyrirvara sem og öllum öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu.
- 8.4 Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal við endurnýjun vátryggingarsamnings, veita félaginu nýjar upplýsingar um heilsufar sitt, ef félagið óskar þess skriflega sbr. 3. mgr. 79. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 8.5 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsingar um fyrra heilsufar vátryggðs að fengnu samþykki hans.
- 9. gr. Skyldur vátryggðs við tjónsatburð**
- 9.1 Vátryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um vátryggingaratburð á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða. Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamállum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.
- 9.2 Þegar það atvik, sem vátryggt er gegn, hefur gerst, eða hætta er á því að það gerist, ber vátryggðum skylda til þess að reyna afstýra tjóninu eða lágmarka það. Vátryggðum ber að hlíta fyrir mælum félagsins sem beinast að því að takmarka tjónið. Hafi vátryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast óhjákvæmileg. Sinni vátryggður ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein getur það haft í för með sér takmörkun eða brottfall bótaábyrgðar félagsins sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 9.3 Vátryggðum ber að leita læknis strax og sjúkdóm eða slys ber að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrir mælum læknis.
- 9.4 Við uppgjör tjóns skal vátryggður veita félaginu upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða vátryggða, svo og að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar vátryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.
- 9.5 Ef vátryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna sömu atvika. Við sérstakar aðstæður getur vátryggður þó átt rétt til bóta að hluta sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Eigi þessi grein við getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara sbr. 3. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 10. gr. Endurgreiðsla iðgjalds**
- 10.1 Nýti vátryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, til þess að slíta vátryggingarsamningnum á vátryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald vátryggingarinnar hlutfallslega.
- 10.2 Greiði félagið dánarbætur vegna hins vátryggða eða 100% örorkubætur lýkur þó vátryggingunni og iðgjald endurgreiðist ekki.

**11. gr. Endurkröfuréttur félagsins**

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

**12. gr. Gjaldþagi bóta – vextir af tjónskröfu**

12.1 Váttryggður, eða sá sem rétt á til bóta getur krafist greiðslu þeirra 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að að kanna ábyrgð sína og ákveða fjárhæð bótanna sbr. 121. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga

12.2 Váttryggður á rétt á vöxtum af bótakröfu í samræmi við 123. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

**13. gr. Vísitölubinding bótafjárhæða – aldurstenging iðgjalds**

13.1 Váttryggingarfjárhæðir í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir og samsvarandi iðgjald því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar. Iðgjald váttryggingarinnar hækkar við hverja endurnýjun í samræmi við aldur váttryggðs.

13.2 Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysliverðs á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan eins og hér segir:

a) Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til dánardags.

b) Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi eða upphafi sjúkratímabils til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi eða upphafi sjúkratímabils.

c) Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi eða upphafi sjúkratímabils.

**14. gr. Lög um váttryggingarsamninga**

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum skilmála gildir um váttryggingarsamning þennan lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

**15. gr. Heimili-Ágreiningur-Varnarþing**

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

**Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2006**